

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.40.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Elísabet Hjörleifsdóttir varafulltrúi starfsmanna

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

"[nöfn og starfsheiti]"

Fjarverandi var Páll Skúlason, fulltrúi háskólaráðs. Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerðir tveggja síðustu funda.

"[málsnúmer]"

Fundargerðirnar voru bornar upp og samþykktar.

2. Rekstraryfirlit janúar- apríl, staða fjármála

"[málsnúmer]"

Úlfar dreifði og skýrði út rekstraryfirlit janúar-apríl, dagsett 4. maí 2010.

Rekstur kennsludeilda og stoðþjónustu er 435.916 mkr. eða 32.43% af áætlun.

Rekstur ýmissa verkefna er 4.460 mkr., samtals eru það 440.376 mkr. eða 31.40% af áætlun. Viðmiðið er 33.33%.

Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 55.190 mkr.

Flest bendir til að rekstur verði í samræmi við áætlun. Að óbreyttu verður þó rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs undantekning þar frá.

Rektor greindi frá að nýrra upplýsinga um framlag ríkissjóðs til háskóla er að vænta í fyrri hluta júní.

Umræða varð um undirbúning að samvinnu um námsframboð milli HA og Hóla og jafnvel aðra háskóla og töldu fundarmenn bæði faglegan og rekstrarlegan ávinning fólgin í samvinnu.


Rektor sagði vera vilja fyrir hendi til að tengja saman nám á síðasta ári í MA, VMA og á fyrsta ári í HA. Heimild er fyrir slíku samstarfi í lögum.

3. Erindi frá forseta viðskipta- og raunvísindasviðs v/bókunar á 290. fundi

"[málsnúmer]"

Rektor greindi frá viðbrögðum forseta fræðasviðsins við bókuninni. Hans Kristján hefur unnið með Úlfari Haukssyni og Ólafi Halldórssyni að því að fara ofan í kjölinn á rekstri sviðsins. Áætlun um rekstur sviðsins það sem eftir er árs á að liggja fyrir á næsta háskólaráðsfundi.

Ólafur greindi frá hvernig horfur eru í rekstri háskólans næstu árin varðandi framlag ríkisins. Rektor sagði frá að framkvæmdastjórn vinnur að því að afla tölulegra upplýsinga úr rekstri HA til að undirbúa hagræðingu í rekstri til að mæta niðurskurði.


SKS
AP
R.A.09

4. **Leigusamningur HA og Fasteigna ríkisins vegna Borga**

"[málsnúmer]"

Úlfar gerði grein fyrir efni leigusamningsins. Væntanlega mun HA segja upp leigu á húsnæði á 7. hæð. Árið 2014 er hægt að gera breytingar á samningi um annað húsnæði á Borgum. Unnið verður að því að lækka kostnað HA vegna húsnæðis á Borgum.

5. **Önnur mál**

"[málsnúmer]"

Dómnefndarálit um lektorshæfi Andreu Hjálmsdóttur. Rektor kynnti niðurstöðu dómnefndar en hún er að Andrea er hæf til að gegna tímabundinni stöðu lektors við hug- og félagsvísindasvið vegna fyrirlagnar rannsóknarinnar Heilsa og líf skjör skólanema.

Rektor kynnti undirbúning að samningi um kennaraskipti milli HA og HÍ. Um er að ræða Ingólf Jóhannesson prófessor sem mun væntanlega gegna 50% starfi við báða háskólana næstu tvö skólaárin.

Rektor sagði frá skýrslu starfshóps um sóknarfæri kennara HA í öflun rannsóknastyrkja sem hefur verið send til kynningar og umfjöllunar á fræðasviðum og í deildum. Vísindaráð hefur fengið skýrsluna. Vísindaráð mun einnig fara yfir reglur um framgang og ráðningar, og reglur um rannsóknamisseri.

Rektor sagði frá að RÚV hefur spurst fyrir um möguleika á að leigja húsnæði af háskólanum á Sólborg.

Rætt var um hvort háskólinn ætti að bregðast við skýrslunni um efnahagshrunið og halda innanhúsmálþing um hana í haust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. "[tími]" .

Jóna Jónsdóttir
Lisdim Jónsdóttir
Árni Árnald
Stuðul